

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/54/57

frá 19. desember 2013

um breytingu á ákvörðun 2007/506/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir sápu, hárfvottalög og hárnæringu

(tilkynnt með númeri C(2013) 9223)

(2013/793/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB frá 21. júní 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sápu, hárfvottalög og hárnæringu <sup>(2)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2013.
- 2) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með þessari ákvörðun. Með tilliti til þess á hvaða stigi þessi ákvörðun er stödd í endurskoðunarferlinu er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í henni. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2007/506/EB, til 31. desember 2014.

3) Því ber að breyta ákvörðun 2007/506/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.*

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/506/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sápa, hárfvottalögur og hárnæring“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2014“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Janez POTOČNIK

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 104. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36.